

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu

Ársskýrsla 2009

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu var stofnaður 28. janúar 2009. Stofnfundurinn var vel sóttur og greinilega mikill áhugi á málefnum. Félagsmenn voru í árslok 50 talsins. Markmið faghópsins eru:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rafræna opinbera þjónustu.
- Að auka samvinnu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í því skyni að stuðla að samræmdu heildarskipulagi í rafrænni þjónustu.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um rafræna þjónustu, möguleika, hagræðingu og framþróun í takt við nýja tíma.

Í stjórn voru kjörin:

- Halla Björg Baldursdóttir, formaður (Forsætisráðuneyti)
- Bragi L. Hauksson, meðstjórnandi (Tryggingastofnun)
- Eggert Ólafsson, meðstjórnandi (Reykjavíkurborg)
- Guðfinna B. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi (Garðabær)
- Örn S. Kaldalóns, meðstjórnandi (ICEPRO)

Störf faghópsins á árinu

Fundir

Haldnir voru níu stjórnarfundir á árinu 2009. Að auki sat stjórnin einn fund með Landsbankanum um stöðu og áætlanir bankans varðandi rafræn skilríki og einn fund með Samtökum upplýsingafyrirtækja (SUT) þar sem þeim var boðið að tilnefna þrjá meðlimi í fyrirtækjaráð sem myndi starfa með faghópnum. Auk þessa var haldinn einn hugarflugsfundur hjá Ský sem formaður tók þátt í.

Fyrirtækjaráð

Í fyrirtækjaráði eru

- Eiríkur Sæmundsson, Skýrr
- Sigrún Eva Ármannsdóttir, Eskill
- Stefán Þór Stefánsson, TM

Kynningarmál

Komið var upp vefsíðu, undir vef sky.is. Þar er að finna upplýsingar um faghópinn, markmið hans, fundargerð stofnfundar, niðurstöður hugarflugs og fleira.

Einnig var komið upp síðu á Facebook og eru þar 32 meðlimir. Þar hefur stjórnin sett inn fréttir og ábendingar.

Ráðstefnur og fræðsla

Á stofnfundi faghópsins var farið í hugarflug um helstu áherslur faghópsins. Stjórnin fór ítarlega yfir niðurstöðurnar og birti þær á vefsíðu faghópsins. Megináhersla félagsmanna var á að fá meiri fræðslu

um málefni sem snúa að rafrænni opinberri þjónustu. Áherslur stjórnar á árinu hafa snúið að því að mæta þessari ósk félagsmanna. Vefurinn ut.is sem vistaður er hjá forsætisráðuneytinu hefur verið stórefldur með aukinni fræðslu um rafræna opinbera þjónustu. Má þar nefna fræðsluefni um opinn hugbúnað, handbók um opinbera vefi, fræðsluefni um mat á arðsemi rafrænnar stjórnsýslu og fræðsluefni um rafræn viðskipti. Flestir stjórnarmenn lögðu gerð þessa efnis lið, með einum eða öðrum hætti.

Faghópurinn stóð fyrir ráðstefnu í nóvember sem bar yfirskriftina „Opinn hugbúnaður eða ekki?“. Fundarstjóri var Hjörtur Grétarsson og auk fulltrúa faghópsins voru í undirbúningsnefndinni Arnheiður Guðmundsdóttir Ský og Samúel J. Gunnarsson Skýrr.

Stjórn faghópsins kom að mörgum öðrum ráðstefnum Ský á árinu sem fyrirlesarar, ráðstefnustjórar eða þátttakendur í undirbúningshópum. Má þar nefna ráðstefnu í apríl með yfirskriftinni „Sjálfs hjálp um vefi og opinn hugbúnað“, ráðstefnu í tilefni UT-dagsins í apríl og ráðstefnu í desember með yfirskriftinni „Hvað er spunið í opinbera vefi 2009“.

Tveir stjórnarmenn sátu að auki námskeið Endurmenntunar í Facebook í maí 2009, meðal annars í því skyni að kynna sér notkun þess vettvangs fyrir faghópinn.

Lokaorð

Það er mat stjórnar að faghópurinn hafi komið ýmsu til leiðar þó að alltaf megi gera betur. Fræðsluefni hefur verið stóraukið og hópurinn kom að mörgum ráðstefnum þar sem fjallað var um efni sem samræmdu þeim áherslum sem fram komu á stofnfundinum. Hins vegar hefur ekki tekist að skapa þann umræðuvettvang sem vonir stóðu til og þyrfti að skoða betur hvort eða hvernig má nýta samfélagsmiðla eins og Facebook og Twitter til þess. Einnig á eftir að þróa betur hvernig samvinnu stjórnar og fyrirtækjaráðs verður háttáð. Einnig þyrfti að fjölga félagsmönnum talsvert til að ná markmiðum um aukna samvinnu og umræðuvettvang.

Stjórn faghópsins þakkar að SKÝ fyrir gott samstarf á árinu. Einnig þökkum við fyrirlesurum og fundarstjórum fyrir þeirra framlag, svo og félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi eða lagt faghópnum lið með öðrum hætti.

4. febrúar 2010

Halla Björg Baldursdóttir